



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Enska 3. bekkur

Kennarar: Edda Ósk, Hulda Soffía, Ingibjörg Soffía, Nína, Þórey

Megintilgangur náms í erlendum tungumálum er að nemendur læri að nota málið í fjölbreyttum aðstæðum, auki leikni sína í ræðu, ritun, hlustun og lestur og öðlist skilning á menningu og lífnaðarháttum annarra. Tungumálanám styrkir víðsýni, eykur þátttöku í alþjóðasamfélagi og dýpkar skilning á eigin tungumáli og menningu. Kennslan á að byggja á samþættingu hæfniviðmiða og skapa tækifæri til að nota tungumálið á raunverulegan og skapandi hátt. Nemendur þurfa að fá að tengja námið eigin reynslu og áhugamálum, þjálfatjáningu, hlustun og lesskilning og læra að beita tungumálinu markvisst og af öryggi. Íslendingar þurfa góða enskukunnáttu vegna stöðu enskunnar í viðskiptum, vísindum, upplýsingatækni og menntun. Þá gegna Norðurlandamál lykilhlutverki í samskiptum og menningartengslum innan Norðurlanda, og nemendur með tengsl við Noreg eða Svíþjóð eiga að geta stundað nám í norsku eða sænsku. Góð kunnáttu í erlendu tungumáli er því mikilvægur lykill að því að taka þátt í samfélagi sem er sífellt fjölbreyttara og alþjóðlegra.

Námið stuðlar að tæknilæsi, miðlalæsi og ábyrgri notkun upplýsinga þar sem nemendur þjálfast í gagnrýninni hugsun, sköpun, samvinnu og lausnaleit. Kennslan á að efla tæknivitund nemenda, áhuga á stafrænum lausnum og hæfni til að skilja og bregðast við tæknilegum áskorunum nútímans. Með því að samþætta upplýsingatækni við aðrar námsgreinar fá nemendur tækifæri til að tengja tækni við raunveruleg viðfangsefni og þróa hæfni sem nýtist þeim í námi, leik, starfi og lýðræðislegri samfélagsþátttöku.

[Aðalnámskrá grunnskóla - Erlend tungumál](#)

Meginviðfangsefni

Áhersla verður lögð á að efla hlustunar-, lesskilnings- og ritunarfærni nemenda á ensku með fjölbreyttum verkefnum og skapandi vinnulagi.

Tekinn verður fyrir eftirfarandi grunnorðaforði.

Numbers, Colors, Family, Pets, The Face, The Body, Weather, Seasons, Clothes, Fruits, Food and more.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Unnið verður eftir aðferðum [Leiðsagnarnáms](#) sem felur m.a. í sér að endurgjöf er veitt jafnt og þétt til nemenda á meðan verkefnavinnu stendur, nemendur vinna með námsfélögum og eru meðvitaðir um viðmið um árangur.

Áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti.



2025 - 2026

Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Námsgögn

Adventure Island of english words, vinnublöð

Námsefni frá kennara

Námsmat

Fjölbreytt og sveigjanlegt námsmat.

Leiðsagnarmat, nemandi fær uppbyggilega leiðsögn um verkefni sín, nemandi fær tækifæri til að rýna í sína vinnu, leiðréttu, bæta og læra af.